

## LÖG

### um breytingu á lögum um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar (framfærsluuppbót og meðferð atvinnutekna).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum.

###### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „280.000 kr.“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 310.800 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „227.883 kr.“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: 247.183 kr.
- c. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Eingreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skal þó ekki telja til tekna lífeyrisþega.
- d. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning sérstakrar uppbótar á lífeyri vegna framfærslu skv. 2. mgr. skal telja til tekna 65% af tekjum lífeyrisþega. Bætur samkvæmt lögum þessum og lögum um almannatryggingar skulu þó teljast að fullu til tekna við útreikning uppbótarinnar, að því undanskildu að ekki skal telja til tekna 50% af fjárhæð aldurstengdrar örorkuuppbótar skv. 21. gr. laga um almannatryggingar.

#### II. KAFLI

##### Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

###### 2. gr.

Á eftir 11. mgr. 16. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. er við útreikning á greiðslum skv. 17.–19. gr. og 21.–23. gr. laga þessara, sbr. einnig 13. gr. laga um félagslega aðstoð, heimilt að telja atvinnutekjur til tekna bótaþega einungis í þeim mánuði þegar þeirra er aflað. Skal Tryggingastofnun ríkisins við endurreikning bótafjárhæða, sbr. 7. mgr., gera samanburð á útreikningi heildargreiðslna hvers mánaðar, annars vegar miðað við  $\frac{1}{12}$  af atvinnutekjum ársins og hins vegar miðað við atvinnutekjur í þeim mánuðum sem þeirra er aflað. Beita skal þeirri reglu sem leiðir til hærri greiðslna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

- a. A–c-liður 1. gr. öðlast þegar gildi.
- b. D-liður 1. gr. öðlast gildi 1. janúar 2019.
- c. 2. gr. öðlast gildi 1. janúar 2019 en kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2020 vegna tekna ársins 2019.

*Gjört á Bessastöðum, 1. júlí 2019.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

---

*Ásmundur Einar Daðason.*

---

A-deild – Útgáfud.: 15. júlí 2019